

II., og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla anna formanns dómsins, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari, meðdómendur voru Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Þorsteinn Gíslason skipstjóri.

#### Dómsorð:

Stefndi, Vonin h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Þorvalds Ottóssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 1. október 1982.

Nr. 52/1980. **Þorvaldur Ottósson**  
(Páll A. Pálsson hrl.)  
gegn  
**Hraðfrystihúsi Stokkseyrar h/f**  
(Valgarð Briem hrl.).

Skipsleiga. Björgunarlaun.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1980. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi, Hraðfrystihús Stokkseyrar h/f, verði dæmdur til að greiða sér 21.600.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 10. október 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti svo og að viðurkennt verði, að hann eigi sjóveðrätt í m/b Árna Magnússyni, AR 9, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Áfrýjandi hefur tilkynnt Tryggingamiðstöðinni h/f um áfrýjun málsins sem réttargæslustefndum fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að forráðamenn Tryggingamiðstöðvarinnar h/f vissu, að Konráð Júlíusson hefði verið leigutaki m/b Hafnarness, er þeir sömdu við hann um greiðslu fyrir þá hjálp, sem m/b Árna Magnússyni var veitt. Hafði áfrýjandi þá ekkert tilkall gert til bjarglauna samkvæmt 11. gr. leigusamningsins.

Fallast ber á, að Tryggingamiðstöðin h/f sem vátryggjandi m/b Árna Magnússonar hafi mátt semja við Konráð sem leigutaka og útgerðarmann m/b Hafnarness og gera upp við hann laun fyrir þá hjálp, sem m/b Árna Magnússyni var veitt. Þarf eigi, eins og atvikum er háttað, að leysa úr því sérstaklega, hvort hjálpin teljist björgun samkvæmt VIII. kafla siglingalaga nr. 66/1963.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðinn verður 6.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorvaldur Ottósson, greiði stefnda, Hraðfrystihúsi Stokkseyrar h/f, 6.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 16. janúar 1980.

##### I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 12. des. sl., höfðaði Þorvaldur Ottósson, Vesturhólum 13, Reykjavík, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 10. og 27. okt. 1978, gegn Hraðfrystihúsi Stokkseyrar h/f, Stokkseyri, til greiðslu á kr. 2.166.000 ásamt 13% ársvöxtum frá 10. október 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi

til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Einnig er krafist staðfestingar á sjóveðrétti í m/b Árna Magnússyni, ÁR 9, til tryggingar kröfunni.

Tryggingamiðstöðinni h/f er stefnt til réttargæslu í málinu.

Við munnlegan málf lutning voru dómkröfur stefnanda óbreyttar frá því, sem greinir í stefnu, að öðru leyti en því, að krafist var dómvaxta af stefnukröfu frá 15. júní 1979 til greiðsludags.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á stefnukröfu. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Á hendur réttargælustefnda eru ekki gerðar kröfur, og ekki eru gerðar kröfur af hendi réttargælustefnda.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

## II.

Málavextir virðast vera þeir, að með samningi, dags. 7. sept. 1977, dskj. 4, leigði stefnandi Konráði Júlíussyni, Silfurgötu 10, Stykkishólmi, vélbát sinn, Hafnarnes, RE 300, sem er 119 rúmlesta stálbátur. Leigutími hófst 10. sept. 1977 og var til 20. nóv. 1977 eða til loka síldveiða.

Í 11. gr. leigusamningsins er svohljóðandi ákvæði: „Bjargi skipið einhverju á ferð sinni á leigutímanum, skal björgunar- og aðstoðarlaunum þeim, er í hlut skipsins koma, skipt að jöfnu milli leigutaka og leigusala vegna hættu þeirrar, sem skipinu er lagt í (sic).“

Á dskj. 3 er ljósrit úr skipsdagbók, 10. okt. 1977 er eftirfarandi skráð: „Látið reka SE af Ingólfshöfða til kl. 1400 haldið þaðan í 162° út af síldarflotanum, um kl. 19.30 hafði m/b Árni Magnússon ÁR 9 samband og kvaðst vera með spærлингstrollið í skrúfunni og bað um hjálp þar sem hann gæti ekkert keirt (sic.) vegna þess að skrúfan væri föst og kúplingin snuðaði bara. Var keirt (sic.) til hans í Austur 4.6 sm Kafari sendur niður og tókst honum að ná trollinu úr skrúfunni. Veður E—2—3 talsverð undiralda.“

Á dskj. 8 er skýrsla, dags. 10. okt. 1977, undirrituð af Henning Frederiksen. Í skýrslunni segir m. a. svo: „Vorum á spærlingsveiðum þegar verið var að taka trollið fengum við grandara í skrúfunu fengin var aðstoð frá Hafnarnesi RE 300 sem klippti vírinn úr skrúfu skipsins þegar keyra átti af stað virkaði skiftingin ekki rétt og verður það kannað þegar komið verður í höfn.“

Stefnandi gerði tilkall til björgunarlauna vegna þessa hjá

Tryggingamiðstöðinni h/f, váttryggjanda m/b Árna Magnússonar, en var neitað á þeim grundvelli, að búið væri að greiða leigutaka skipsins, Konráði Júlíussyni, björgunarlaunin.

Dskj. 11 er svohljóðandi kreditnóta til Konráðs Júlíussonar frá réttargæslustefnda: „Þóknun fyrir köfun, þóknun áhafnar og m/b Hafnarness v/aðstoðar við m/b Árna Magnússon ÁR 9 þ. 10/10 kr. 722.500.

Samþ. fyrir hönd kafara, áhafnar og skipsins

Konráð Júlíusson

Skuldfært kr. 722.500.“

Stefnandi var yfirheyrður vegna máls þessa 14. maí sl. Fram kom hjá honum, að hann hafi verið vélstjóri á m/b Hafnarnesinu 10. okt. 1977 og hafi hann fylgst með því, þegar skipverji af m/b Hafnarnesinu skar troll úr skrífu m/b Árna Magnússonar. Bátsmaður, Roger að nafni, hafi kafað, og taldi stefnandi, að hann hefði lagt sig í lífshættu við köfunina. Kafarinn hafi fest sig niðri og hafi orðið að losa sig við kafarakútana og hafi hann verið nærri drukknaður við þessa athöfn. Stefnandi hafi lánað kafaranum sína kúta, til þess að hann gæti náð kútum sínum aftur. Kafarinn hafi misst gleraugun, sem notuð séu, og hafi hann getað náð þeim aftur og klárað að gera að skrífunni. Vir hafi verið í skrífunni og hafi hann verið klipptur.

Stefnandi hefur sjálfur kafararéttindi, en Fransmaðurinn hafi meira verið við köfun en stefnandi, sem kvaðst hafa verið tilbúinn að fara, ef eitthvað hefði komið upp á.

Stefnandi sagði, að sér væri ekki kunnugt um, að kafarinn hefði fengið þóknun fyrir köfunina.

Stefnandi hafi talað við skipstjórnann um þóknun fyrir aðstoðina, áður en kafað var og meðan verið var að því, ekki hafi orðið niðurstaða í þessum samræðum, nema að þetta væri björgun. Stefnanda minnti, að þeir hefðu verið sammála um, að þetta væri björgun. Stefnandi taldi ekki, að m/b Hafnarnes hafi verið lagt í hættu við þessa björgun. M/b Árni Magnússon hafi ekki verið í hættu staddur að öðru leyti en því, að hann hefði ekki komist hjálparlaust að landi, en ekki verið í yfirvofandi hættu. En hann hefði t. d. getað rekið á land. Baturinn hafi verið eitthvað svona ca 10 mílur SA af Ingólfshöfða. Stefnandi taldi lýsingu af atburðinum í skipsdagbók rétta.

Stefnanda minnti, að hann hefði haft samband við Tryggingamiðstöðina, áður en Konráði Júlíussyni var greitt, og sagt þeim, að hann ætti kröfu í björgunarlaun, og hafi sér verið tjáð, að þetta yrði bara sett inn á reikning hjá honum.

Henning Fredriksen skipstjóri var yfirheyrður vegna máls þessa 14. maí 1979. Hann kannaðist við undirritun sína á dskj. 8 og sagði það rétt, sem í skýrslunni segir.

Skipstjórinn sagði, að starfið hjá kafaranum hafi gengið þannig fyrir sig, að sendur hafi verið lítill bátur frá Hafnarnesinu með froskmann, sem farið hafi niður. Fyrst hafi þetta mistekist hjá froskmanninum, hann hafi orðið að skilja eftir kútinn og annað þess háttar. Hann hafi komið upp og náð í önnur tæki og farið síðan niður og ætlað að skera úr skrúfunni, en hann hafi ekki verið alveg klár á, hvað var vír og hvað var tóg. Þeir á Árna Magnússyni hafi ekki verið klárir á því, hvað mikið var í skrúfunni. Froskmaðurinn hafi svo fengið klippu og farið niður og klippt þetta og eftir allt saman hafi bara verið einn vír, sem var í skrúfunni. Kafarinn hafi farið einar þrjár ferðir niður, hann hafi komið upp og beðið um annan hníf, því honum hafi fundist hann bíta illa í vírinn. Síðan hafi hann fengið klippurnar í hendur. Skipstjórinn taldi, að kafarinn hafi verið óvanur að vinna svona störf, hann hafi farið þannig niður, að hann festi sig í trollinu.

Stíllt hafi verið í veðri og bátar allt í kring, þannig að þeir hafi ekki viljað taka neina áhættu, ef það hefði verið meira í skrúfunni heldur en var. Þeir hafi ekki vitað fyrirfram, að það var bara einn vír í skrúfunni. Ef báturinn hefði verið í neyð, þá hefðu þeir híft trollið úr, það hefði ekki verið neinn vandi, þetta hafi verið grannur vír. En svona áhættu taki maður ekki, ef hægt sé að fá það losað úr án þess að stofna skrúfunni í hættu. Eins og eyðileggja trollið, ef það hefði verið meira af því í skrúfunni.

M/b Árni Magnússon hafi verið í vesturkantinum á Breiðamerkurdýpi, það séu svona 18—20 mílur í jökulinn. Fært hafi verið um atburðinn í dagbók skipsins. Brotist hafi verið í bátinn og eyðilögð flest öll skjöl, sem þar voru. Skipstjórinn taldi ekki, að báturinn hafi verið í yfirvofandi hættu.

Gunnar Jón Felixson, aðstoðarforstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar h/f, var yfirheyrður vegna máls þessa 14. maí 1979. Fram kom hjá honum, að stefnandi hefði ekki haft samband við réttargæslustefnda, fyrr en eftir að gert hafði verið upp við Konráð Júlíusson. Aðstoðarforstjórinn kvaðst hafa vitað, að Konráð var leigutaki skipsins, en kvaðst ekki hafa séð neina sérstaka ástæðu til þess að hafa samband við eiganda skipsins. Hann kvaðst hafa starfað þarna í 20 ár og hafi hann í svona tilfellum ekki haft

samband við eiganda skips. Hann kvaðst ekki vita, hvernig það væri, hvort algengt væri í leigusamningum um skip að hafa ákvæði um hlutdeild eiganda í væntanlegum björgunar- eða aðstoðarlaunum. Þóknunin, sem greidd var Konráði, hafi verið byggð á svokölluðum Goðataxta, þ. e. a. s. reiknað sé í prósentum af vátryggingarfjárhæð, og reiknaði aðstoðarforstjórinn með, að þarna hefði verið um væga björgun að ræða. Venja sé, þegar greidd eru björgunarlaun, þá kvitti útgerðarmaður f. h. áhafnar og útgerðar viðkomandi skips.

Konráð Júlíusson, skipstjóri og leigutaki m/b Hafnarness, var yfirheyrður vegna máls þessa 16. nóvember sl. Hann kvaðst hafa verið skipstjóri á m/b Hafnarnesinu haustið 1977 og hafa haft skipið á leigu fyrir franskan aðilja. Hann viðurkenndi undirskrift sína á leigusamningnum á dskj. 4. Athygli Konráðs var vakin á 11. lið leigusamningsins á dskj. 4 og hann spurður um það, hvort hann hafi látið stefnanda fá hluta af þóknuninni. Konráð neitaði því og tók fram, að hann teldi stefnanda ekki eiga hluta af því, þar sem þarna hefði ekki verið um neina hættu að ræða. Enginn af íslensku skipverjunum hafi komið nálægt þessari svokölluðu björgun á m/b Árna Magnússyni. Frakkinn, sem með þeim var, hafi boðist til þess að fara niður og skera úr skrúfunni, hann hafi verið með sinn eigin útbúnað. Kútarnir hjá Frakkanum hafi orðið tómir og hafi hann ekki getað klárað verkið og þarna hafi boðist annar maður. Kafarinn, sem lauk við verkið, hafi verið af einhverjum öðrum báti, sem Konráð kvaðst ekki muna, hver hafi verið. Athygli Konráðs var vakin á dagbókarútdrætti á dskj. 3, en þar stendur, að kafara hafi tekist að ná trollinu úr skrúfunni. Konráð viðurkenndi að hafa skrifað þetta, en kvaðst samt vera á því, að það hefði ekki klárast, en gat ekki gefið skýringu á þessu ósamræmi. Frakkinn hafi sagt, að Konráð mætti hirða það, sem út úr þessu fengist. Björgunarlaunin hafi farið beint til sín. Konráð kvaðst ekki muna, að stefnandi hafi rætt við sig um björgunarlaun. Stefnandi hafi verið 1. vélstjóri á skipinu. Aðrir skipverjar hafi ekki sett fram kröfur vegna þessa.

Konráð taldi, að m/b Árni Magnússon hefði getað komist til hafnar af eigin rammleik, aðeins hafi verið vængendinn af trollinu í skrúfunni hjá honum, en hann hafi síður viljað eyðileggja það og slíta vírana, nema hann þyrfti þess alveg nauðsynlega.

Konráð kvaðst hafa undirritað dskj. nr. 11, sem er kvittun fyrir þóknun fyrir köfun, þóknun áhafnar og m/b Hafnarness

vegna aðstoðar við m/b Árna Magnússon, ÁR 9, þann 10. október 1977, kr. 722.500. Konráð sagði, að þetta hafi ekki átt að standa þarna, því áhöfnin hafi ekki komið nálægt þessu. Rangt sé að skrifa þarna þóknun fyrir áhöfn og Hafnarnes vegna þess, að mannskapurinn hafi ekkert komið nálægt þessu. Frakkinn hafi unnið þetta algerlega á eigin ábyrgð.

### III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að skip hans, m/b Hafnarnes, RE 300, hafi átt þátt í björgun á m/b Árna Magnússyni, ÁR, þann 10. okt. 1977, með því að m/b Árni Magnússon hafi verið hjálparvana með troll í skrúfunni og hafi Hafnarnesið komið því til hjálpar. Kafari frá Hafnarnesinu hafi verið sendur niður og hann getað skorið úr skrúfunni. Þetta teljist björgun og hafi Hæstiréttur staðfest það í líku tilviki (Hrd. XXXV, 536). Stefnandi telur, að hann eigi að fá björgunarlaun fyrir vikið skv. VIII. kafla siglingalaga nr. 66/1963.

Samkvæmt 203. gr. siglingalaga skuli útgerðarmenn fá 2/3 björgunarlauna, ef gufuskip (i. e. vélskip) bjargar, en afganginum skipt milli skipstjóra og skipshafnar. Nú sé yfirleitt gert ráð fyrir því, að útgerðarmaður sé eigandi skips, og megi lesa það út úr siglingalögum. Ef útgerðarmaðurinn sé annar en eigandi skipsins, verði hann að sýna viðsemjendum sínum, að hann hafi öðlast þann rétt með samningi, sem siglingalögin leggi útgerðarmanni til handa. Í leigusamningi milli stefnanda og Konráðs Júlíussonar hafi verið svo kveðið á, að skipta ætti björgunar- og aðstoðarlaunum þeim, er í hlut skipsins ættu að koma, að jöfnu milli leigutaka og leigusala vegna hættu þeirrar, er skipið er lagt í. Samkvæmt þessu eigi stefnandi tilkall til 1/3 hluta af öllum björgunarlaunum og hafi það verið á ábyrgð váttryggjandans, er hann greiddi skipstjóranum á m/b Hafnarnesi, RE 300, björgunarlaun án þess að ganga úr skugga um heimild hans.

Það sé ljóst, að sá aðili, sem skuli hljóta 1/3 hluta björgunarlauna, hafi fulla samningsaðild um þau, en fram hjá honum virðist hafa verið gengið.

Stefnandi verði því að líta svo á, að móttaka Konráðs Júlíussonar á björgunarlaununum úr hendi váttryggjanda sé honum óviðkomandi og óskuldbindandi fyrir hann, því auk framangreinds hafi Konráð hvorki haft sérstakt umboð né stöðuumboð til gerningsins f. h. stefnanda.

Stefnukröfur eru miðaðar við, að björgunarlaun verði nálægt

10% af váttryggingarverðmæti m/b Árna Magnússonar í okt. 1977, sem hafi verið kr. 65.000.000. Samkvæmt samningi hafi stefnandi átt að fá 1/2 af 2/3, þ. e. 1/3 björgunarlauna, og séu stefnukröfurnar 1/3 af kr. 6.500.000, eða kr. 2.166.000.

Af hálfu stefnda eru kröfur rökstuddar með því, að vart verði um það deilt, að Konráð Júlíusson hafi verið útgerðarmaður m/b Hafnarness þann 10. okt. 1977 og því beri honum hlutur útgerðarmanns samkvæmt 203. gr. siglingalaga, ef um björgun eða aðstoð sé að ræða. Tryggingarfélagið hafi haft fulla vissu um það, að Konráð Júlíusson hafði Hafnarnesið á leigu á þessum tíma, og hafi því ekki getað vefengt rétt hans sem útgerðarmanns m/b Hafnarness til þóknunar fyrir veitta aðstoð við Árna Magnússon í umrætt sinn.

Leigusamningurinn á dskj. 4 sé alfarið á milli leigusala og leigutaka og kröfur byggðar á honum hljóti að eiga að beinast gegn leigutaka, en ekki öðrum. Enda ætti að vera auðvelt fyrir leigusala og leigutaka að gera svona mál upp við endanlegt uppgjör sín á milli að leigutíma loknum og telja verði líklegt, að það hafi verið tilgangur þessa ákvæðis í leigusamningnum.

Greiðsla þóknunarinnar hafi farið fram 7. des. 1977, eða ca 2 mánuðum eftir atburðinn og 17 dögum eftir að leigutíma lauk skv. samningnum á dskj. 4, en samt hafi stefnandi ekkert látið í sér heyra hjá Tryggingamiðstöðinni h/f eða útgerð Árna Magnússonar, ÁR 9, sem þó hefði verið auðvelt fyrir hann, ef hann hefði talið sig eiga kröfu á þá aðilja vegna hjálparinnar, því honum hljóti að hafa verið ljóst, að leigutaki mundi fljótlega snúa sér til fyrrgreindra aðilja með kröfur vegna hjálparinnar.

Verði sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina, er stefnukröfu mótmælt sem allt of hárrí og í engu samræmi við prósentu þá, er dæmd hafi verið í Hæstarétti í svipuðum málum, sbr. t. d. Hrd. 1967, bls. 611, og á það bent, að hætta sú, er m/b Hafnarnes var lagt í í umrætt sinn, hafi verið nánast engin, veður hafi verið gott og skipin á svipuðum slóðum, er óhappið kom fyrir, og öll fyrirhöfn því í lágmarki.

#### IV.

Álit dómsins.

Samkvæmt framburði stefnanda mun m/b Árni Magnússon, ÁR 9, hafa verið staddur SA af Ingólfshöfða, svona ca 10 mílur frá landi, þá er spærlingstrollið festist í skrófu skipsins og haft var samband við skipstjóra m/b Hafnarness, RE 300, og beðið

um hjálp um kl. 1930 10. okt. 1977. Samkvæmt dagbók m/b Hafnarness var veður E 2—3 og talsverð undiralda.

Þegar til þess er litið, í hvaða fjarlægð m/b Árni Magnússon var frá landi, og svo þess, að veður var ekki slæmt, þá verður ekki talið, að m/b Árni Magnússon hafi verið í hættu staddur. Enda telja hinir sérfróðu meðdómendur, að skipshöfn m/b Árna Magnússonar hefði, ef nauðsyn hefði krafið, getað híf og slitið trollið úr skrúfu skipsins. Þykir því rétt að telja hjálp þá, sem m/b Árna Magnússyni var veitt, aðstoð, en ekki björgun í skilningi 199. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Réttargæslustefndi, sem var váttryggjandi m/b Árna Magnússonar, greiddi 7. des. 1977 leigutaka og útgerðarmanni m/b Hafnarness, Konráði Júlíussyni skipstjóra, kr. 722.500 fyrir aðstoðina. Telja verður fjárhæð greiðslu þessarar fullnægjandi fyrir þá aðstoð, sem veitt var.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi tilkynnt stefnda eða réttargæslustefnda um efni leigusamningsins á dskj. 4, áður en réttargæslustefndi innti sína greiðslu af hendi, og var stefnandi þó skipverji á m/b Hafnarnesi, þá er björgunin var veitt. Ekki hefur með öðrum hætti verið sýnt fram á, að stefnda eða réttargæslustefnda hafi verið eða hafi mátt vera kunnugt um efni leigusamningsins. Var réttargæslustefnda því rétt að semja um greiðslu og greiða Konráði Júlíussyni fyrir hjálpina, þar sem hann var útgerðarmaður m/b Hafnarnessins, þá er aðstoðin var veitt.

Niðurstaða málsins er sú, að með greiðslu réttargæslustefnda til Konráðs Júlíussonar hafi verið fullnægt greiðsluskyldu stefnda vegna aðstoðar m/b Hafnarness við m/b Árna Magnússon, og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla anna formanns dómsins, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari, meðdómendur voru Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Þorsteinn Gíslason skipstjóri.

#### Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystihús Stokkseyrar h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Þorvalds Ottóssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

---